



Íbúaráð Kjalarness

Fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness um lóðaframboð á Kjalarnesi, svar við bréfi dags. 15. maí 2020

Á fundi íbúaráðs Kjalarness þann 14. maí 2020 lagði ráðið fram eftirfarandi fyrirspurn: „Í svörum frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vegna fyrirspurna um lóðir á Kjalarnesi er ekki getið lóða á Esjumelum. Íbúaráð Kjalarness spyr hvort svo beri að skilja að þar eru engar lausar lóðir og allar byggðar sem úthlutað hefur verið? Ekki er heldur getið lóðanna við Hofsbraut nr. 68 og 70". Erindið barst skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þann 15. maí 2020.

Varðandi lóðir á Esjumelum þá er ekki gert ráð fyrir neinum íbúðarhúsalóðum á Esjumelum í deiliskipulagi. Eftirfarandi atvinnuhúsalóðum á Esjumelum hefur verið úthlutað:

Gullslétta 1, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16 og 18.

Koparslétta 2, 3, 4, 5, 6, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 16, 18, 20 og 22.

Kalkslétta 1.

Silfurslétta 1, 2, 3, 5, 7, 9 og 11.

Norðurgrafarvegur 2 og 4.

Ekki eru hafnar byggingaframkvæmdir á eftirfarandi lóðum:

Gullslétta 1, 6, 10.

Koparslétta 4, 6, 12.

Kalkslétta 1.

Silfurslétta 2 og 11.

Byggingarréttur á lóðunum Norðurgrafarvegur 1 og Járnslétta 2, 4 og 6 hefur verið settur á sölu á föstu verði en engar umsóknir hafa borist. Gert er ráð fyrir fleiri atvinnuhúsalóðum í deiliskipulagi fyrir Esjumela, fyrirhugað er að setja lóðirnar í söluferli þegar eftirspurn þeirra eykst.

Hvað varðar íbúðahúsalóðirnar Hofsbraut 68 og 70 þá fórst fyrir að nefna þær í bréfi dags. 16. apríl 2020. Það er ekki til deiliskipulag fyrir lóðirnar, þær eru því ekki hæfar til úthlutunar. Líkt og segir í fyrra bréfi er til skoðunar hjá embætti Skipulagsfulltrúa hvort unnið verði deiliskipulag fyrir þessar lóðir samhliða gerð hverfisskipulags á Kjalarnesi.

Hrefna Þórsdóttir

lögfræðingur, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

